



Óháð fréttablað á Vestfjörðum  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

**Fimmtudagur**  
8. desember 2011  
49. tbl. · 28. árg.



**Vantar þig íbúð  
til leigu?**

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



**N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI**  
Sími: 456 3995  
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



## Breyttir tímar

„Ég las gríðarlega mikið aftan á bækur. Örugglega las ég aftan á nokkur hundruð bækur á hverju hausti en hafði hreinlega ekki tíma til að lesa mikið innan í þeim,“ segir Gunnlaugur Jónasson, fyrrverandi bóksali. Í miðopnu blaðsins lítur hann yfir farinn veg, ræðir um bóksölu og jólabókaflóð og rifjar upp breytingar sem hafa orðið á Ísafirði í gegnum tíðina.



**750 KR.**  
OG EIMSKIP FLYTJANDI KEMUR  
JÓLAPÖKKUNUM TIL SKILA

Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m  
og hámarksþyngd 45 kg.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |



Jólasveinar brugðu á leik með börnunum.

# Ljósín tendruð á jólatré Ísfirðinga

Ljósín á jólatré Ísfirðinga voru tendruð í gullfallegu vetrarveðri á Silfurtorgi á laugardag. Fjölmarginir bæjarbúar komu þá saman og nutu adventustemningunnar og hirtu ekki um að kuldaboli hafi einnig ákveðið að mæta. Þá gæddu margir sér á rjúkandi kakói og heitum lummum sem Styrktarstjóður Tónlistarskóla Ísafjarðar stóð fyrir sölu á ásamt

alls kyns öðruvísi.

Ljúfir tónar lúðrasveitarinnar juku á hátíðarbraginn og svo flutti Gísli Halldór Halldórsson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hugvekjtu áður en ljósín voru tendruð rétt þegar birtuna tók að þverra og blámi skammdegisins litaði fjöllin.

Kór Menntaskólans á Ísafirði söng fyrir viðstadda og síðan birt-

ust jólasveinar sem höfðu runnið á hljóðið enda vita þeir fátt skemmtilegra en að mæta þar sem margir krakkar eru saman komnir á góðri stund. Eftir að hafa sprellað og heilsað upp á krakkana var dansað í kringum jólatréð. Þess má geta að jólatréð er gjöf frá Húsasmíðjunni eins og undanfarin ár.

– thelma@bb.is



## KERÆCIS

Kerecis ehf. er öflugt frumkvöðlafyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem notaðar eru til meðhöndlunar á vefjaskaða í mönnum t.d. á þrálátum sárum og kviðsliti. Innan Kerecis starfar öflugur hópur sérfræðinga sem náð hefur góðum árangri í þróun á lækningavörum og stefnir nú á framleiðslu og útlutning. Kerecis rekur starfsstöðvar á Ísafirði og í Reykjavík.

### Verkefnastjóri

Verkefnastjórnin skipuleggur, rekur og vinnur að verkefnum er snúa að vörupróun og innleiðingu á framleiðslu nýrra vara.

#### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á skilgreindum verkefnum
- Umsjón með gæðahandbók fyrirtækisins
- Skipulagning verkferla og skrif verkferlalýsinga

#### Menntun og reynsla:

- Háskólapróf
- Minnst 10 ára starfsreynsla er kostur
- Reynsla af gæðakerfum og vinnu með ISO staðla er kostur

#### Við leitum að einstaklingi sem:

- Hefur brennandi áhuga á uppbyggingu og sköpun nýrra vara
- Er nákvæmur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- Byr að góðri íslensku- og enskukunnátta
- Hefur vinnuþrek og metnað til að mæta settum tímaáætlunum

### Starfmaður í framleiðslu- og dreifingu

Starfið er margþætt og nær frá framleiðslu til dreifingar vara til viðskiptavina.

#### Helstu verkefni:

- Móttaka, meðhöndlun og dreifing vörupantana
- Umsjón með ýmsum daglegum störfum sem snúa að gæðaeftirliti
- Vinna í framleiðslu

#### Menntun og reynsla:

- Fyrri störf í framleiðslugeira er kostur
- Minnst 5 ára starfsreynsla
- Stúdents- eða iðnpróf er kostur
- Góð færni í tölvunotkun

#### Við leitum að einstaklingi sem:

- Er nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta
- Hefur góða hæfni til að vinna undir álagi
- Byr að góðum samskiptahæfileikum

Vinnustaður starfanna beggja er á Ísafirði. Fyrirspurnir og umsóknir sendist til hr@kerecis.com fyrir 15. desember nk.

Kerecis ehf. / Eyrargata 2, 400 Ísafjörður / Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík / sími 562 2601 / www.kerecis.com



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

### Guðbjargar Sigrúnar Valgeirsdóttir

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fyrir einstaka umönnun og alúð Guð blessi ykkur öll,

Kristján Guðmundsson Guðfinna Skúladóttir  
Valgeir Guðmundsson Hildur Bæringsdóttir  
Ólafur Guðmundsson Steinunn Margrét Arnórsdóttir

Einar Kristbjörn Guðmundsson  
Sigurður Rúnar Guðmundsson  
Ólöf Minný Guðmundsdóttir

Ingibjörg Sigríður Guðmundsdóttir  
Birgir Már Guðmundsson

Guðmundur S. Ásgeirsson  
Nína Elisabet Sandberg  
barnabörn og barnabarnabörn.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

# Jólagjafabréf

Gefðu góða ferð í jólagjöf  
á hátíðarverði **16.900 kr.\***



→ Þú færð jólagjöfina á **flugfelag.is**

Kauptu jólagjafabréf fyrir sem gildir á alla áfangastaði innanlands.  
Verð fyrir börn 2 - 11 ára er **8.500 kr.\***

\*Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.



# Súðvíkingur í skósiðum leðurfrakka

Bókin Feigð eftir Stefán Mána segir frá rannsóknarlögreglu-  
manninum Herði Grímssyni. Sá er með hár niður á rass, gengur um í fimmtán kílóa þungum frakka og kallar ekki allt ömmu sína. Að auki er hann Súðvíkingur. Feigð gerist að stórum hluta á Vestfjörðum og BB lék forvitni á að vita hvernig höfundurinn hefði sett sig inn í þann heim.

„Ég dvaldi í viku í Súðavík sumarið 2009, í boði sveitarstjórnarinnar. Hugmyndin var að kynna þorpinu og Vestfjörðum. Ég hafði komið á Ísafjörð en þetta var mitt fyrsta skipti í Súðavík. Tíminn nýttist vel til að ná örnefnum, kennileitum, staðháttum og auðvitað tala við fólk. Þetta var hefðbundin gagnaöflun og alveg frábær vika.“

Stefán Máni segist hafa lagt á sig talsverða vinnu við að búa til sannfærandi Súðavík í bókinni.

„Þetta er bara eins og þegar maður ætlar á skauta, maður vill kunna undirstöðurnar til að detta ekki á rassinn. Mér líður betur

sem höfundi og sæki sjálftraust í undirbúningsvinnuna. Það er ekki að ég vilji sýna mig fyrir lesandanum. En því meira sem ég því veit því auðveldara er að einbeita sér að sögunni og sjálfri frásögninni.“

## Hörður Grímsson

Aðalpersóna Feigðar, rannsóknarlögreglumaðurinn Hörður Grímsson birtist fyrst í annarri bók eftir Stefán Mána, Hyldýpi. „Já, hann var lögga þar en aukapersóna. Mér fannst hann eftirminnilegur og með sterka nærveru. En síðan dúkkaði þessi gaur upp í hausnum á mér og það í öllu sínu veldi. Rauðhærður með hár niður á rass, í svörtum leðurfrakka og var fljótur að ryðja hinum í burtu. En reyndar er Hörður byggður á manni sem Þórhallur miðill sagði mér eitt sinn að fylgi mér. Þórhallur talaði um að það fylgi mér eitthvað stóð af fólk en alveg aftast í hópnum er maður sem vildi ekki

að Þórhallur sæi sig. Sá er í leðurfrakka og með sítt hár. Þegar Þórhallur sagði mér þetta vissi ég einhvernveginn strax um hvað hann var að tala. Og Hörður er svolítið þessi kall.“

- Hvað meinarðu, þegar þú segist hafa vitað hvað Þórhallur átti við?

„Ég bara kannaðist við þennan náunga og nærveru hans. Hann hefur jákvæða merkingu fyrir mér. Hann er einhverskonar föðurmynd og verndari. Hrífufur og fráhrindandi eins og Hörður en góður inni við beinið.“

## Súðavík

Stefán Máni segir hafa verið ljóst frá upphafi að Hörður sé Súðvíkingur og því hafi snjóflóðið fylgt með persónunni. „Það var augljóst að hann hafði verið ungur maður þegar það féll. Mér leist einhvernveginn ekkert á það og kveidd fyrir að þurfa að tala við heimamenn um þennan atburð. Vorið 2009 þegar ég keyrði

inn í Álftafjörð og sá skarðið blasa við í Súðavíkurbyggðinni kólnaði mér að innan og spurði mig hvað ég væri eiginlega að gera. Mér leið eins og flóðið hefði fallið degi fyrr og ég væri mættur á vettvang eins og snápur. Ég var því ekki kjarkmikill í upphafi en Ómar sveitarstjóri róaði mig og sannfærði um að fólk væri alveg tilbúið til að tala um þetta. Það langur tími væri liðinn.“

## Porskafljarðarheiði

Ófærar heiðar á Vestfjörðum koma talsvert við sögu í Feigð og þvælast fyrir Herði þegar tíminn er að hlaupa frá honum. „Ég held að ég hafi verið átta tíma að keyra hvora leið á milli Súðavíkur og Reykjavíkur því ég var stöðugt stoppanði til að skrifa hjá mér náttúrulýsingar og annað á leiðinni. Ég tók þetta mjög alvarlega en hafði líka gaman af. Enda er vegalengd í bók líka söguþráður sem maður svo skreytir með landslagi og öðru.“

Í bókinni bregður fyrir annarri eftirminnilegri persónu í Súðavík, bifvélavirkjanum Bigga smur. Hvaðan kemur hann? „Ég er landsbyggðarmaður sjálfur og finnst ég þekkja Bigga smur mjög vel. Ég held að hann sé til í hverju þorpi. Þessi kall sem lifir á kexi og vindlum. Stundum er hann piparsveinn en yfirleitt heilsteyptur kall. Örugglega innsti koppur í björgunarsveitinni. Þegar á reynir er hann mættur til aðstoðar á meðan Hörður væri örugglega bara á einhverju fyllerfi. Bigg smur er kannski ekki beint spennandi en á einhvern hátt alveg ómissandi.“

Aðspurður segir Stefán Máni að Feigð sé ekki síðasta bókinn hans um Súðvíkinginn Hörð. „Ég kem örugglega aftur og það með mikilli ánægju. Ég varð yfir mig hrifinn af Vestfjörðum í síðustu ferð. Næst langar mig að ferðast með tjald að sumarlagi en svo á ég líka eftir að koma að vetri til og upplifa það allt saman.“

– Huldur Breiðfjörð.



# Komdu í Særaf á Ísafirði

## Hittu ráðgjafa Símans

Kíktu við föstudaginn 9. desember kl. 10-18  
og fáðu aðstoð við síma- og netmálin.

Síminn 



Frá aukapiingum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

# Stofnanir verða sameinaðar

Starfsemi stofnana sem koma að stoðkerfi atvinnu og byggða á Vestfirðum verða sameinuð. Tillaga þess efnis var samþykkt aukapiingum Fjórðungssambands Vestfirðinga með meirihluta atkvæða. Um er að ræða stofnanir sem sveitarfélög á Vestfirðum koma að með beinni eignaraðild eða samstarfssamningum og greiða árleg framlög til. Sameiningin tekur til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Markaðsstofu Vestfjarða og Menningarráðs Vestfjarða ásamt Fjórðungssambandi Vestfirðinga, að því gefnu að aðalfundur þessara stofnanna samþykki sameininguna. Þá var einnig samþykkt tillaga þess efnis að sameinað félag starfi undir fimm

manna stjórn sem aðeins verður skipuð sveitarstjórnarfulltrúum.

Markmiðið með sameiningunni er að efla starfsemi og samvinnu þeirra starfsmanna sem nú starfa hjá ólíkum stofnunum, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. „Þannig verður til öflugri stofnun sem betur getur sinnt núverandi verkefnum auk þess að vera betur í stakk búin til að taka að sér stærri verkefni. Sú þjónusta sem veitt hefur verið einstaklingum og fyrirtækjum verður áfram í boði, en markmiðið er að bæta og efla þá þjónustu,“ segir í tilkynningu.

„Lögð hefur verið mikil áhersla á að viðhalda mannaúði þessara stofnana við sameiningu og ekki

síður að nýta þekkingu starfsmanna í því breytingaferli sem nú er hafið. Stefnt er að óbreyttu starfsmannhaldi sem einnig tryggir þjónustu við viðskiptamenn og aðra starfsemi stoðkerfisins í framtíðinni,“ segir í tilkynningu. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur áherslu á mikilvægi þess að breytingar á stoðkerfi hafi jákvæð áhrif á núverandi stuðning og samstarf við einstaklinga, fyrirtæki og samtök fyrirtækja á Vestfirðum svo sem í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Þá segir í tilkynningunni að stjórnin vonist til að breytingarnar verði til að efla þessa þætti enda séu þeir grundvöllur fyrir árangur við þróun atvinnu og byggða á

Vestfirðum.

En ekki er allir á eitt sáttir. Atkonur, sem stóðu að stofnun Atvinnuþróunarfélagsins á sínum tíma, sendu frá sér ályktun fyrir þingið þar sem þær lýstu yfir andstöðu sinni gegn sameiningunni og það gerðu einnig Ferðamálasamtök Vestfjarða, en bæði félögin telja m.a. að pólitísk áhrif Fjórðungssambandsins verði of mikil með sameiningunni. „Þetta eru fyrst og fremst vonbrigði en niðurstaðan kemur ekki á óvart miðað við hvernig umræðan þróaðist. Ég er smeykur um að sveitarstjórnir margar hverjar geri sér ekki alveg grein fyrir hvað felst í þessu og eiga eftir að bíta úr nálinni með ákvörðunina,“ segir

Sigurður Atlason, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

„Ég er smeykur um að fagleg vinnubrögðum taki niður með sameiningunni. Það er t.d. ljóst að Markaðsstofa Vestfjarða verður ekki til lengur þegar þetta er komið í gagn,“ segir Sigurður. Fyrsta skrefið verður sameining Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða við Fjórðungssamband Vestfirðinga, frá og með 1. janúar 2012.

Jafnframt verður aukið samstarf við Markaðsstofu Vestfjarða og Menningarráð Vestfjarða, sem svo sameinast nýrri stofnun í síðasta lagi í janúarmánuði 2013.

– asta@bb.is

## Spurningin

Ætlar þú að kaupa jólagjafir fyrir lægri upphæð en undanfarin ár?

Alls svöruðu 404.  
Já sögðu 258 eða 64%  
Nei sögðu 146 eða 36%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**

Ákveðin norðanátt og kalt í veðri. Snjócoma eða él fyrir norðan og austan, einkum við ströndina.

**Horfur á laugardag:** Útlit fyrir NA-átt með éljum norðan- og austanlands. Frost um land allt.

**Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir NA-átt með éljum norðan- og austanlands. Frost um land allt.

## Ritstjórnargrein

# Stóriðja Vestfirðinga

„Markmiðið er að byggja upp fiskeldi sem getur tryggt örugg störf til framtíðar í sátt við náttúruna og með virðingu fyrir henni.“ Þetta er ætlunin, segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG, sem sótt hefur um leyfi fyrir útvíkkun og stækkun á eldisleyfi á starfssvæði fyrirtækisins í Ísafjarðardjúpi, þar sem jafnhliða þorskeldi verði framleiðsla á laxi og regnbogasilungi.

En það eru fleiri með áráttar úti. Ef allt gengur eftir, sem að er stefnt, verður fiskeldi á Vestfirðum stóriðja, að minnsta kosti á vestfirskan mælikvarða. Áform um fiskeldi á Tálknafirði og Bíldudal gætu skilað hundruðum starfa, sem í fáum orðum sagt myndi umbylta öllu atvinnulífi og tilvist þessara byggðarlaga.

Samhliða því sem BB hefur fagnað hverri og einni nýjung í atvinnutækifærum á Vestfirðum hefur blaðið undirstrikað að smáskammtar dygðu ekki til viðsnúnings á þeirri fólksfækkun sem átt hefur sér stað um margra ára skeið í fjórðungnum. Til þess þyrfti stóráttak, holskeflu fjárfestinga, sem skilaði fjölda framtíðarstarfa.

Hann er Bílddælingur, sem rekur stórt laxeldisfyrirtæki í Noregi, sem fullvinnur hráefnið fyrir neytendamarkað. Hann segir blóðið renna til skyldunnar og vill koma að uppbyggingu slíks fyrirtækis á Bíldudal, auk fleiri erlendra aðila. Matthíasi Garðarssyni, en svo

heitir maðurinn, finnst íslenska eftirlitskerfið (skrifinnskan) þungt í vöfum, svífaseint og flókið; þetta sé allt miklu einfaldara hjá frændum vorum, Norðmönnum.

Nýverið hafði iðnaðarráðherra orð á því að samskiptavandamál milli ráðuneyta kæmi í veg fyrir að unnt væri að móta heilstæða byggðastefnu. Í skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, frá því í haust, kemur fram að stjórnsýslulegt umhverfi strandsvæða er afar flókið. Ekkert eitt ráðuneyti hefur umsjón með málaflokknum, sem ellefu undirstofnanir eru sagðar bera ábyrgð á. Auðvitað ber öllum saman um að nýting allra landsins fjarða til fiskeldis og/ eða veiða verður að vera í sátt við náttúruna og með virðingu fyrir henni. En ber ekki samantekt tilvitnaðs ráðuneytis því glögg vitni hvernig íslensk stjórnvöld hafa áratugum saman látið allt, er lýtur að umgengni og nýtinu hafsins, reka á reiðanum?

Vestfirðingar þurfa á öflugum fyrirtækjum að halda. Þeir geta ekki endalaust beðið eftir einu og öllu. Þeir hafa slæma reynslu af biðinni eftir vegum og raforku. Sú bið er orðin þeim og þjóðfélaginu öllu, dýrkeypt. Krafa Vestfirðinga er að hratt og með faglegum hætti verði unnið að afgreiðlu mála allra þeirra fyrirtækja, sem sýnt hafa vilja til að fjárfesta á Vestfirðum.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

# RAFTÆKIN OG TÖLVUVÖRURNAR FÁST HJÁ SNERPU



## Asus EEE 1011PX 320G

Ein nettasta fartólvan frá Asus. Mjög létt - aðeins 1,1 kg. Intel Atom N570 Dual Core örgjörvi. 320 GB hjóllátur harðdiskur. 10,1" LED WSVGA skjár. Windows 7 Starter.

VERÐ ▶ 49.990



## Toshiba Satellite C660D-19X

Ótrúlegt verð fyrir Toshiba fartölvu með 15,6" skjá. AMD Dual Core örgjörvi með AMD Radeon HD 6310 skjá korti, 2GB vinnsluminni sem er stækkanlegt í 8GB og 320GB harðdiski.

VERÐ ▶ 69.990

## Asus EEE Pad Transformer 101

Sjaldtölvu með Dual Core örgjörva. 16GB-32GB Flash minni (stækkanlegt í 48GB-64GB). Nýjasta Android stýrikerfið. 5.0 megapíxla myndavél að aftan o.fl.

VERÐ ▶ 79.990



## A.C.Ryan

### AC Ryan Playon!HD Essential

H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakari með HDMI, Component, Composite og Optical tengjum. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Getur tengt þráðlausu neti með USB kubb.

VERÐ ▶ 22.990



## Panasonic

LEICA LINSA

### Panasonic DMCF14

14,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, AF Tracking, MEGA O.I.S hristivörn í LEICA DC 28mm linsu. 4x Optical og 5x Digital Zoom I.R. 2,7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 70MB minni, SD/SDHC kortarauf, 270 myndir á rafhlöðu ofl.

VERÐ ▶ 19.990



## Nikon

TASKA OG 2GB KORT FYLGJA!

### Nikon S3100

14 milljón punkta uppl. með 2,7" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x skerpu, EXPEED myndvinnslu, 5x Optical og 7x Digital Zoom, hreyfiskynjun, AF-eltifokus, VR titringsjöfnun, ISO-3200, 18 umhverfisstillingum, hreyfimyndatöku, 45MB minni, kortarauf, USB, Ísl. leiðarvísir ofl.

VERÐ ▶ 22.990



## EPSON

### Epson SX235W

Þráðlaus prentari og skanni með hári upplausn. Hægt að nota einn prentara fyrir allar tölvur heimilisins og losna við snúrur. Prentar allt að 30 bls. á mínútu í svörtu.

VERÐ ▶ 9.990



## UNITED

### United MMP 9530

Sjónvarpsflakari með HDMI, Composite og Optical tengi. Innbyggður SD / MMC kortalesari. Auðveldur í notkun og góð fjarstýring.

VERÐ ▶ 9.990



## FINLUX

### Finlux 22FLX850UD

22" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heymartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

VERÐ ▶ 49.990



## FINLUX

### Finlux 26FLX905HU

26" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, heymartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

VERÐ ▶ 69.990



## FINLUX

### Finlux 32FLX905HU

32" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB Margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heymartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

VERÐ ▶ 79.990



## PHILIPS

### Philips 42PFL4506H

42" Full HD LCD sjónvarp með Pixel Plus HD. 400Hz Picture motion rate. Digital Natural Motion. Stafrænn háskerpu móttakari HDTV DVB-T móttakari. 3 HDMI, Scart, USB tengi ofl.

VERÐ ▶ 149.990

Snerpa er umboðsaðili  
Sjónvarpsmiðstöðvarinnar  
www.sm.is á Ísafirði.



snerpa

MÁNAGATA 6 - SÍMI 520 4000

www.snerpa.is

# Svæðisbundin flutningsjöfnun

Frumvarp um svæðisbundna flutningsjöfnun var kynnt fyrir ríkisstjórn í síðustu viku. Samkvæmt því skal skipta landinu í tvö svæði; Vestfirði og svo öll önnur sveitarfélög landsins svo fremi að þau séu á svæði þar sem heimilt er að veita byggðaaðstoð samkvæmt byggðakorti. Markmið frumvarpsins er að styðja við framleiðsluáætlun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað til framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða

útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

Helstu tillögur frumvarpsins eru að framleiðendur geti sótt um flutningsjöfnunarstyrk til hlutaðeigandi ráðuneytis. Að styrksvæði séu þau svæði þar sem heimilt er að veita byggðaaðstoð samkvæmt byggðakorti ESA. Að framleiðendur séu skilgreindir sem einstaklingar með lögheimili á styrksvæði og lögadilar með heimilisfesti á styrk-

svæði. Að framleiðslan sem flutt er frá styrksvæði geti annaðhvort vera fullunnin vara eða hálfunnin vara. Einnig sé heimilt að styrkja flutninga á vörum til styrksvæðis ef um er að ræða hrávöru eða hálfunna vöru sem er nauðsynleg til þess að endanlega framleiðsla geti átt sér stað á styrksvæðinu.

Þá segir að lengd ferðar frá áfangastað þurfi að vera að lágmarki 245 km til að framleiðandi eigi kost á að sækja um styrki. Flutningsjöfnunarstyrkir eftir svæðum og lengd ferðarar því

10% á svæði 2, sem eru sveitarfélög Vestfjarða, fyrir 245-390 km fjarlægð og 20% fyrir 391 km eða lengri fjarlægð.

Þá er gert ráð fyrir að ekki verði sett neitt lágmark á styrkfjárhæð og er það gert til að tryggja að einryrkjar í framleiðsluáætlun eigi jafnan möguleika á styrkveitingum eins og stór framleiðslufyrirtæki. Miðað er við að sett sé þak á styrki sem nemur 200.000 evrum á þriggja ára tímabili eða um 33 millj. íslenskra króna. Inn í þá fjárhæð er

reiknaðir aðrir styrkir sem framleiðandi hefur fengið frá opinberum aðilum. Með því að setja þetta hámark á styrki fellur umrædd ríkisaðstoð undir minniháttaraðstoð (de minimi) ESA og er ekki tilkynningarskyld.

Frumvarpið skal taka gildi 1. janúar 2012 og gildi til 31. desember 2013. Miðast sá gildistími við byggðakort ESA. Fyrir þann tíma er lagt til að fram fari endurskoðun á lögunum með tilliti til nýs byggðakorts og nýrra útreikninga á flutningskostnaði.

## Tæplega 600 börn hafa fæðst á Ísafirði frá 2001

Tæplega 600 börn fæddust á Ísafirði á tímabilinu frá 2001 til 2010. Flest voru þau árið 2008 eða 73 en fæst árið 2003 þegar 49 fæddust á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Þetta kemur fram í svari velferðarráðherra á Alþingi við fyrirspurn Sigmundar Ernís Rúnarssonar um fæðingardeildir. Þar segir að fjórtán börn hafi fæðst á Patreksfirði frá 2001 en engin fæðingarþjónusta hefur verið þar frá því 2003. Í svari ráðherra kemur fram að engum fæðingardeildum hefur verið formlega lokað á heilbrigðisstofnunum utan Reykjavíkur á síðasta áratug. Hins vegar hefur

fæðingum fækkað á ýmsum stöðum á þessu tímabili.

„Þetta tengist meðal annars því að vaktir á skurðstofum hafa lagst af á stöðum eins og í Reykjanesbæ, Selfossi og Sauðárkróki. Órðugt hefur reynst og jafnvel ógerlegt að fá almenna skurðlækna til starfa á landsbyggðinni til að halda uppi slíkri þjónustu,“ segir í svari Guðbjartar Hannessonar ráðherra.


Í svarinu kemur jafnframt fram að konur á Þórshöfn á Langanesi eiga um lengstan veg að fara til að fæða börn á sjúkrahúsi. Heimán frá þeim eru 250 km til Akureyrar eða Neskaupstaðar. Að-

spurður hversu víða á landinu er engin fæðingardeild í klukkustundarakstursfjarlægð frá byggð sagði ráðherra að ef gert er ráð fyrir að sú fjarlægð sé 75 km eru eftirtalin byggðasvæði á landinu lengra frá fæðingardeild en sem því nemur: Strandasýsla, Snæfellsnes, Dalasýsla, Barðastrandarsýslur, Norðurþing, Vopnafjörður og Vestur-Skaftafellssýsla. Hinsvegar er suðvesturhorn landsins frá Borgarnesi og sunnanverðum Borgarfirði að sunnanverðri Árnessýslu í minna en klukkustundarakstursfjarlægð frá fleiri en einni fæðingardeild.

Eins og fram kom í frétt á bb.is

fyrir skemmstu er engin ljósmóðir er starfandi á sunnanverðum Vestfjörðum, en hjúkrunarfræðingur og læknir sinna mæðraeftirliti og ungbarnaeftirliti á svæðinu í hennar stað. Engin fæðingarþjónusta er heldur á svæðinu og var síðasta fæðingin framkvæmd þar árið 2004. Konur á sunnanverðum Vestfjörðum fara annað hvort til Reykjavíkur, Ísafjarðar eða annarra staða til að fæða, en fæðingarþjónusta er veitt á níu stöðum á landinu í dag.

Hvorki skurðstofa né fyrirburagjörgæsla er á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði ef eitthvað bæri út af í fæðingunni. Þá



568 börn hafa fæðst á Ísafirði frá árinu 2001.

eru engin sónartæki á stofnuninni og fara konur því til Ísafjarðar eða Reykjavíkur til að komast í sónar en konum er boðið að fara í fósturskimun á 11 til 14 viknu meðgöngu og á 19 til 20 viknu meðgöngu. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

## Virkja bæjarlækina sé það mögulegt

Margar litlar virkjanir geta skipt töluverðu máli fyrir rekstraröryggi á Vestfjörðum. Kristján Haraldsson, orkubússtjóri hjá Orkubúi Vestfjarða, segir í samtali við Bændablaðið, að fáir kostir séu á stórvirkjunum á Vestfjörðum og því sé OV alltaf að skoða nýjar lausnir í virkjanamálum. Kristján hvetur menn til að setja upp virkjanir þar sem það sé hægt sem og að gera að virkja bæjarlækina sé það mögulegt. Fram kemur í umfjöllun Bændablaðsins um málið að smávirkjanir séu síður en svo nýjar af nálinni. Nú á dögum eru þó flestar virkjanir hér á landi byggðar til að nýta sem best mikla fallhæð og er þá vatn gjarnan leitt um aðrennslispípur að vatnshólum virkjunarinnar. Minna hefur verið rætt um virkjanir sem nýta eingöngu staðbundið rennsli án

byggingar mikilla uppistöðulóna. Þar er t.d. um að ræða notkun svokallaðra ástreymishverfla sem nýta straumhraða þar sem fallhæð er lítil.

Kristján hvetur menn þó til að sýna fyrirhyggju í virkjanagerð. „Ef menn eiga möguleika í sveitunum, þá er um að gera að virkja bæjarlækina. Það er þó ekki nóg að horfa á lækinn bakkafullan á vorin. Að mínu viti þurfa menn að þekkja söguna og fá staðfestar mælingar áður en lagt er út í verulegar fjárfestingar í þessa veru. Annars lenda menn yfirleitt í vandræðum. Menn þurfa að þekkja ákveðnar stærðir eins og meðalrennsli í læknum yfir árið, hvað það getur orðið minnst og hvað mest. Út frá því geta menn tekið skynsamlegar ákvarðanir“ segir Kristján.

Stærstu virkjanir á Vestfjörð-



Mjólkárviðvirkjun.

um eru Mjólkárviðvirkjun í Arnarfirði og Mjólkárviðvirkjun 2. Auk þeirra á og rekur OV Þverárdalsviðvirkjun við Steingrímsfjörð, Tungudalsviðvirkjun, Fossavatnsviðvirkjun í Engidal, Nónhornsviðvirkjun í Engidal, Reiðhjalla- viðvirkjun í Bolungarvík, Mýrarárviðvirkjun og Blævardalsárviðvirkjun í Ísafjarðardjúpi. Auk þessa er

OV 10% eignaraðili að um 500 kílówatta bændavirkjun sem reist var í Botni í Súgandafirði og skilar nú myljandi hagnaði til eigenda sinna, að sögn Kristjáns. Virkjunin nýtir að stórum hluta útrennslisvatn úr Vestfjarðagöngum og kaupir OV rafmagnid.

Þá bendir Bændablaðið á að í

Hvestudal er 1,4 MW einkavirkjun sem selur OV líka rafmagn sem og lítil 30 kW virkjun í Tálknafirði. Þar að auki hefur OV rekið litla 200-300 kW virkjun sem Jón Fannberg byggði í landi sínu í Mjóafirði við Ísafjarðardjúpi fyrir allmörgum árum.

– [asta@bb.is](mailto:asta@bb.is)



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



# BÍLAVÖRUR Í BÓNUS



**SONAX**  
**BÍLABÓN 250ML**



**SONAX**  
**BÍLASÁPA 2 LTR.**



**1 LÍTRI**  
**TJÖRUHREINSIR**



**5 LÍTRAR**  
**RÚÐUVÖKVI -9 GRÁÐUR**



**298**  
KR. STK  
**ÖRTREFJA**  
**STÓR BÓNKLÚTUR**



**259**  
KR. 750 ML  
**ASTONIS**  
**DEKKJAHREINSIR**



**59**  
KR. 250 ML  
**EUROSHOPPER**  
**ORUDRYKKUR 250 ML.**

**BONUS** BÝÐUR BETUR

# Búinn að eignast bókasafnsskírteini

Nú þegar jólabókaflóðið stendur sem hæst settist fyrrverandi bóksalinn, Gunnlaugur Jónasson niður með blaðamanni og rifjaði upp gamla tíma í bókaúð Jónasar Tómassonar. Faðir Gunnlaugs stofnaði verslunina og rak í áratugi, sjálfur stýrði Gunnlaugur búðinni í 40 ár og sonur hans rak hana í rúm tíu ár. En áhugann á bókum má rekja aftar í fjölskylduna.

## Þurrkaðar bækur

„Afi minn hét Tómas Jónasson og var fæddur 1835, 95 árum á undan mér. Hann var fátækur bóndi Fnjóskadal en ekki mikill búmaður. Hinsvegar var hann bókhneigður, orti og skrifaði dagbækur. Þegar hann var ungur maður fór hann á milli bæja og kenndi börnum. Einhverntíma var hann á Akureyri vetrarpart og kom sér þá í því líkar skuldir við bókaúðina að honum lá við gjaldþroti. Hann var áskrifandi að Shakespeare leikritum og keypti Biblíuna á ensku til að reyna að komast niður í enskunn og geta lesið þessi leikrit. Hann þýddi líka og staðfærði dönsk leikrit og skrifaði nokkur sjálfur. Hann sem sagt dáði bækur og til er fræg saga af honum frá því þegar ferðalangur nokkur fór um Fnjóskadal. Það hafði verið mikil rigningartíð en þetta var á heyskapartíma. Svo hafði glaðnað til og gert góðan þurrk. Í frásögn ferðalangsins eru lýsingar á því hvernig fólkið á hverjum bæ hamadist við að breiða úr heyi og þurrka. Nema bóndinn á Hróarsstöðum, hann var úti á þekju að dreifa úr bókunum sínum. Þær höfðu blotnað í rigningunni og hann var að reyna að þurrka þær. Lét heyið bíða,“ segir Gunnlaugur og skellir upp úr.

„Hann féll svo frá úr lungnabólgu þegar faðir minn var þriggja ára. En svo þegar pabbi minn var um fertugt stofnaði hann bókaúðina og það var hans lifibrauð næstu 30 árin. Ég fæddist inn í þessa bókaúð og hafði þá bækur innan seilingar, skóla í næsta húsi og allt tiltækt. Svona varð gjörbreyting á högum tveggja kynslóða, það breyttist nánast allt, húsakostur, atvinnuhættir allir og þá matarræðið. Þá voru engar samgöngur, engir vegir eða brýr,

engir skólar. Þessi afi minn er í raun miklu nær söguldarmönnum heldur en mér. Allt annar heimur en þó bara einn ættliður á milli.“

## Engir plastpokar

Bóksala og rekstur Bókabúðar Jónasar Tómassonar á Ísafirði varð svo lífsstarf Gunnlaugs.

„Þegar menn spurðu af hverju ég væri að hætta í búðinni benti ég á að það hefðu orðið talsverðar breytingar síðan ég byrjaði í bóksölu. Til dæmis var ekki búíð að taka kúlupennann í notkun þegar ég hóf störf. Það var reyndar búíð að finna hann upp en menn notuðu blýanta. Það voru heldur engar reiknivélar til. Annað hvort reiknaði maður á blaði eða í huganum. Það voru heldur engir plastpokar til. Vörum var pakkað inn. Maður stóð líka fyrir innan borð en kúnninn fyrir framan það og maður snerist í kringum hann, kúnninn þurfti ekki að tína vörurnar til. En kannske var nú aðalástæðan sú, að mér gekk orðið illa að heyra hvað fólk bað um, menn eru orðnir svo óskýrmæltir nú orðið!“

- Hver var stærsta breytingin á þessum árum?

„Því miður kannski það að í seinni tíð var ekki jafn margt fólk í bænum og nágrenni. En á stríðsárunum og árunum þar á eftir höfðu bókaúðir blómstrað. Þegar erfiðara var með ýmsar vörur, hörgull og skömmtun, voru yfirleitt til bækur. Hún var því aðgengilegasti pakkinn af því að það var bara ekki sama úrval af öðrum gjafavörum.“

- Bókaútgáfa hefur því ekki dottið niður á stríðsárunum? „Nei, en stundum var ekki jafn finnt pappír í þeim, önnur prenttækni, ekki eins flottar bækur og kannski ekki jafn margir titlar í boði. En bæði útgáfa og bóksala var blómlegur atvinnurekstur á þessum árum.“

## Jólabókaflóðið

Aðspurður hvort búíð hafi verið að finna upp jólabókina og jólabókaflóðið á þessum árum, svarar Gunnlaugur:

„Já, fyrir jól voru gefnir út svona staðlaðir flokkar, rauðar ástar-sögur fyrir konurnar og frænk-

urnar, hasarsögur eftir Alistair McLean og Hammond Innes fyrir kallinn. Svo bæði íslenskar og þýddar barna- og unglingsbækur. Tíminn frá í lok nóvember og út árið var mjög mikill annríkstími. Þá var unnið fram á kvöld og allar helgar, lagerinn talinn reglulega og pantað inn í það sem vantaði. Þar kannski komum við að stærstu breytingunni, samgöngunum. Lengi vel fékk maður vörur bara með skipum. Þótt líka væri flogið á þessum árstíma gat það verið stopult. Skipið kom kannski á tíu daga fresti. Því þurfti maður að sjá fyrir í fyrrihluta desember hvað var að seljast og áætla svo kannski helminginn af ársöllum sem fór fram síðustu daga fyrir jól, til að geta pantað hana í tæka tíð. Þótt maður reyndi stundum að nota flugfraktina var hún öðrugg. Kannski var ekki flogið í fjóra daga en svo loks á fimmta degi. Þá var allt fullt af farþegum svo fraktin var skilin eftir. Það það gekk á ýmsu jólaannríkinu og það gat tekið á taugarnar. Enda var mikið fjör og kraftur í starfsmannahópnum, sem fór úr 3-4 upp í 7-8 manns síðustu daga fyrir jól og hamast fram að miðnætti á Þorláksmessu,“ segir Gunnlaugur.

## Hagalín og hinir

- Hvaða höfundar seldust best? „Á þessum tíma var Laxness enn að senda frá sér bækur og það sætti alltaf nokkrum tíðindum. En svo var líka mikill áhugi á bókum með þjóðlegum fróðleik, eftir t.d. Gils Guðmundsson eða Jóns Helgason ritstjóra. Guðrún frá Lundi seldi líka alltaf vel. Hún var alveg pottþétt þótt fólk sem þóttist hafa meira vit á bókum glotti við. Hún var alltaf í hæstu hæðum. Í kjölfar hennar komu fram kvenríthöfundar eins og Ingibjörg Sigurðardóttir. Og svo var Guðmundur Hagalín alltaf vinsæll höfundur hér á Ísafirði.“

- Þekktirðu Hagalín? „Já, hann bjó á hæðinni fyrir ofan okkur þegar ég var að alast upp. Við áttum heima í Hafnarstræti 2 þar sem Bókhlaðan er ennþá. Við bjuggum á annarri hæð en Hagalín leigði á þeirri þriðju á árunum þegar ég var 10-15 ára. Ég man eftir því að hann

skrifaði á ritvél og byrjaði oft snemma. Þegar kyrrt var á morgnana heyrði maður tifið í ritvélinni. Hann skrifaði mikið í Skutul. Maður sentist oft með handritin fyrir hann upp í prentsmiðju og svo þegar búíð var að setja þurfti að lesa próförk. Þá þurfti að ná í próförkina og hann að lesa yfir. Þannig að ég var stundum að snattast fram og til baka fyrir hann á þessum árum.“

- Voru aðrir höfundar í kringum hann?

„Já, Þorleifur Bjarnason, sá sem skrifaði Hornstrendingabók og líka nokkur skáldverk sem gerðust þarna norðurfrá. Hann var mikið lesinn höfundur hér. Annar höfundur var starfsmaður Hagalíns á bókasafninu, Óskar Aðalsteinn Guðjónsson. Hann var lengi vitavörður á Hornbjargsvita, Galtarvita og að ég held á Reykjanesvita. Hann skrifaði margar bækur. Það má kannski segja um Óskar að hann var ungur efnilegur höfundur en komst kannski aldrei almennilega upp úr því. Hann skrifaði bækur eins og Húsin í hvamm-inum, Ljósið í kotinu og ég man sérstaklega eftir einni sem hét Högni vitasveinn, unglingsbók sem gekk vel.“

## Sér eftir bókaormum

Gunnlaugur segir að það hafi ekki verið fyrr en á allra síðustu árum sínum í búðinni að hann hafi fundið fyrir því að krakkar læsu minna en áður.

„Við höttum að fá inn í búð þessa bókaorma. Krakka sem lágu í bókum og vildu komast í þær nýjustu, eins og þessi sem voru kannski að bíða eftir nýjustu Ævintýrabókunum eða Fimm-bókunum. Reyndar kom þetta aðeins aftur með Harry Potter. En áður fyrr þótti sjálfsagt að kaupa bók fyrir krakka ef hann átti afmæli og auðvitað við fermingar. Þetta finnst mér hafa minnkað og maður sér svolítið eftir því. En svo verðum við líka að viðurkenna að það er ekki jafn mikið af fólki hér á eyrinni og áður. Íslendingum hefir kannski fækkað meira en manntalið segir. Það gera útlendingarnir. Og skiljanlega er nýja fólkið sem flyst hingað ekki mikið að kaupa bækur á íslensku.“

## Sérverslanir horfnar

Gunnlaugur heldur áfram:

„Tilkoma stórmarkaðanna hafði auðvitað mikil áhrif á búðarekstur. Á Ísafirði voru 30-40 smáverslanir úti um alla eyri. Einn og tveir menn sem ráku sérverslanir, skóbúð, kryddbúð, klukkubúð, osfrv. Þetta smám saman hvarf af sjónarsviðinu með stórmarkaðsvæðingunni. Við í sérverslunum vorum kannski að puða við að eiga allt til allan ársins hring en svo blönduðu stórmarkaðarnir sér í þetta á þeim 3-4 vikum fyrir jól og fleyttu rjómann ofan af okkar besta sölutímabili.“

## Tilboð og markaðir

- Finnst þér jólabókasalan hafa harðnað?

„Já, nú veit enginn lengur hvað bók kostar. Áður kostaði bókinn t.d. 3000 krónur. Það verð var ákveðið af útgefandanum og hún kostaði svo það sama allsstaðar næstu 2-3 árin. Síðan fór hún á bókamarkað eftir kannski 4 ár. Þannig að manni brá svolítið við fyrst þegar þessi bók sem hafði kostað 3000 krónur var allt í einu boðin á 2000 krónur. Átti maður samt að skipta henni eins og hún kostaði 3000 krónur? Þessi tilboð og afslættir settu heilmikinn rugling í gamla kerfið. Nú er nánast hver einasta bók á tilboði strax frá byrjun. Er svo komin á bókamarkað nokkrum vikum eftir að hún var gefin út og fellur strax í verði. Þetta finnst mér hafa rýrt gildi bóka, ekki bara í krónum heldur líka í álitu, svarar Gunnlaugur.

„Hér fyrr á árum héldum við um tíma stóran bókamarkað svona annað hvert ár. Höfðum þá samband við útgefendur og pöntuðum til okkar 5 til 10 ára gamlar bækur. Héldum svo markað í skátaheimilinu eða einhverju samkomuhúsi. Þessa markaði héldum við í þónokkur ár og það var alltaf heilmikið fjör á þeim. Við höfðum líka samband við bókaúðirnar hér vestur á fjörðum, sem þá voru starfræktar í hverju plássi, fylltum bílinn af bókum og keyrðum yfir til þeirra. Þar lagði viðkomandi bókaúð til einn starfs-



manna og svo skiptum við sölnni.“

- Hvernig líst þér á tilkomu rafbóka?

„Þegar tölvurnar og netið kom til sögunnar velti maður fyrir sér hvort að bóksala færðist öll þangað, en eitthvað hefur því nú seinkað. En ég veit ekki hvað gerist með tilkomu rafbókarinnar. Ég er eiginlega orðinn of fullorðinn til að meta það. Hinsvegar eru barnabörnin nú þegar komin með spjaldtölvur í fangið þannig að þær eru greinilega framtíðin.“

### Bókasafnsskírteinið

Gunnlaugur hlýtur að hafa þurft að lesa mikið til að fylgjast með?

„Ég las gríðarlega mikið aftan á bækur eftir að sá ágæti síður var tekinn upp að kynna þar höfund og geta stuttlega innihalds. Öruglega las ég aftan á nokkur hundruð bækur á hverju hausti og bar mig borginmannlega, en blaðraði kannske meira en efni stóðu til, en þú lætur það nú ekki fara lengra. Hafði hreinlega ekki tíma til að lesa mikið innan í þeim. Þó reyndi ég alltaf að glugga í bækur eftir nýja höfunda eða þá sem ég hafði aldrei heyrt um áður. En ég hef aldrei lesið bók eftir Arnald Indriðason. Af þeirri einföldu ástæðu að ég þurfti þess ekki. Það þekktu hann allir og ég þurfti ekki að gefa neinar upplýsingar um bækurnar hans.“

Eins þurfti ég aldrei að opna bók eftir McLean eða Innes í gamla daga. Þannig að ég las ekkert af þessum mest umtöluðu bókum. En núna seinni árin hef ég haft gaman af að fylgjast með nýjustu skáldsögum og öðru. Það er nú bara skömm frá að segja að það eru ekki nema svona þrjú ár síðan ég fékk mér bókasafnsskírteini. Ég fór aldrei á bóksafn enda alltaf nóg að lesa í kringum mig. Ég var kominn nálægt áttáttu þegar ég náði mér í fyrstu bækurnar á bókasafn til að lesa. Eins og ég geri núna. Sjálfur var ég kannski aldrei sérstaklega bókhneigður krakki. Maður las Nonna bækur og aðrar barna- og unglingabækur sem komu út á þessum árum. Það koma upp í hugann nöfn eins og Sesselju síðstakkur, Eskimóadrennum Kak og eitthvað slíkt. En sem krakki og unglingur var ég meira fyrir að vera úti við í íþróttum og leikjum.“

### Eirðarleysi í bókavertíðinni?

En finnur gamli bóksalinn ekki til eirðarleysis þegar jólabókavertíðin stendur sem hæst?

„Fyrstu jólin eftir að ég var hættur fórum við hjón til útlanda í heimsókn til dótturinnar, þannig að ég hugsaði ekkert út þetta þá. En næstu jól þurfti maður svona aðeins að reka nefið inn í búðina. Ég hafði gaman af því að

um leið og maður var kominn inn fyrir fékk maður spurningar frá kúnnunum,“ segir Gunnlaugur og hlær.

„Við áttum búðina í 86 ár, þrjú feðgar. Pabbi stofnaði hana 1920 og rak hana í 30 ár, ég var með hana í einhver 40 ár og svo Jónas minn í 10-12 ár. Undir lokin voru bókabúðir farnar að renna saman í stórar grúppur. Búðin tengdist Pennanum í innkaupum, ásamt fleirum. Þeir fóru út í það bóksalar hér, á Akranesi, Keflavík og Akureyri að hafa samstarf. Mynduðu bókabúðakeðju og auglýstu sameiginlega, það var svar við hinum stækkunum. Það gekk í nokkur ár en svo kom að því að nýir eigendur að Pennanum sem urðu stórir um tíma keyptu upp þessar búðir. Ég vann hjá Pennanum síðustu árin og Jónas var verslunarstjóri. Þar til hann hætti fyrir um hálfu öðru ári síðan og fór í annað. Það með slitnaði þetta nána samband þótt ég eigi góða kunningja þarna ennþá.“

### Gönguferðir og skíði

Gunnlaugur er 81 árs en minnir frekar á fimmtugan mann, í áberandi góðu líkamlegu formi. „Ég er mjög heppinn og hamingjusamur með heilsuna. Minnið er náttúrulega aðeins farið að slakna en það að geta enn hlaupið á skíðum hér uppi á dal er mikil forréttindi.“

Aðspurður um helstu áhugamál svarar hann:

„Ég náttúrulega syng í kór eins og ég hef gert nær óslitið síðustu svona 60 árun. Hef alltaf haft gaman af gönguferðum og hef farið í nokkrar trússferðir nú síðustu ár, um Laugavegin, upp að Langasjó og Skaftá. Þegar ég var áttáttu var mér gefin í afmælisgjöf gönguferð með fylgd um Dyngjufjöll og Öskju, mjög ævintýrlegt svæði. Hér í bæ hefur verið gefinn út svokallaður Fjallapassi og ég hef náð mér í slíkan passa og svo gengið á fjöll hér í kring. Í sumar fór ég á Sauratinda og Kaldbak við Dýrafjörð. Árið á undan gekk ég á Kaldbak við Eyjafjörð. Bæði finnst mér gaman að vera úti við og ganga í skemmtilegum hóp og það er lán að geta þetta ennþá. Á veturna er það skíðagangan. Ég geng í einn til tvo tíma upp á Seljalandsdal og kem hress og endurnærður til baka. Auðvitað verður maður að skammta sér brekkur við hæfi. Eftir því sem maður eldist er hættulegra að detta.“

### Eitt sinn skáti

Gunnlaugur hefur starfað með skátunum nánast alla sína tíð. „Ég fór með bræðrum mínum í ylfiingasveit þegar ég var 7-8 ára. Þar lærði ég að meta gönguferðir og útilegur og starfaði mikið með



skátunum á þessum árum. Seinna fór ég í MR og Háskólann en þegar ég kom til baka var tekinn upp þráðurinn, en þá meira sem foringi eða fararstjóri. Fór ég í margar ævintýralegar ferðir með Ylfingum, þessum kettlingum sem nú eru orðnir gamlir kallar,“ segir Gunnlaugur og brosir.

„Við erum 10-15 fullorðnir skátar, nokkrir komnir á níraðisaldur, sem höfum haldið hópinn í gegnum tíðina. Það heitir Rekkasveit Einherja og við hittumst á hálfsmánaðar fresti í Skátaheimilinu. Þar höfum við eitt herbergi fyrir okkur og segjum frægðarsögur eða flytjum erindi yfir tebolla og smurbrauði. Því er ekki að neita að skátastarf hefur átt erfitt uppdráttar nú síðustu árin. Nú eru krakkarnir í fótbolta eða handbolta, á skíðum eða liggja í tölvunni frekar en að sækja skátafundum. Það er bara miklu meira við að vera en áður.“

### Guggan og Norðurtangi

Hvernig er fyrir Gunnlaug að líta til baka, er allt breytt á Ísafirði? „Ég er fæddur og uppalinn við torgið og miðbærinn er minn staður í bænum. Auðvitað hefur starfsemin breyst, til dæmis eru

allar þrjár matvörubúðirnar farnar en annað komið í staðinn. Það eina sem enn er þarna, fyrir utan bókabúðina, er Gamla bakaríð. Bæjarlífið hefur náttúrulega breyst og þýðingarmiklir atvinnuhættir nær horfið. Samanber það að við sitjum hér í íbúð í gömlu frystihúsi þar sem áður unnu 60-80 manns í fiskverkun, við þakningu og annað sem tilheyrir útgerð. Ég man eftir því í búðinni þegar nálgadist jól og togararnir komu inn úr síðasta túr. Þá komu sjómennirnir með konurnar að kaupa jólagjafir og höfðu þá peninga á milli handanna. Í frystihúsunum hér gátu krakkar alltaf fengið vinnu í sumar- og jólafríum,“ segir Gunnlaugur.

„En ef maður horfir á atvinnulífið man ég eftir tveimur atburðum sem maður tók sérstaklega nærri sér sem Ísafirðingur. Annað var þegar Norðurtanginn hætti og hitt þegar Guggan var seld í burtu. Þetta voru sálraen áföll, enda fór mikið með þessu tvennu.“

Síðan hefur ýmislegt komið á móti. Ég skrapp niður í Háskóla-setur og Fræðslumiðstöð í morgun. Þarna vinna 70 - 80 manns við allskonar rannsóknir og þjónustustörf. Hér beint á móti er það sem heitir Listakaupstaður, þar

eru músikantar, myndlistarmenn, leikarar og fleiri að störfum. Svo er ferðaþjónusta alltaf að eflast og þróaast. Hverjum hefði til dæmis dottið í hug áður fyrr að hægt væri að bjóða fólki upp á skútuferðir héðan til Grænlands og Jan Mayen.“

### Keypti sér bók

Hvað ætlaðu að lesa um jólin?

„Um daginn fór ég inn í Bókhlöðu og sá þar bók, þykka og mikla, sem ég ákvað að kaupa fyrir sjálfan mig til að lesa. Þegar ég dró upp veskið hugsaði ég með mér hvort ég hefði einhverntíma keypt mér bók. Ég hef auðvitað keypt margar kiljur og bækur til gjafa en gott ef þetta var ekki fyrsta bókin sem ég kaupði fyrir mig sjálfan þarna megin afgreiðsluborðsins. Þetta var Hjarta mannsins eftir Jón Kalmann. Ég hef reyndar gert mikið af því upp á síðkastið að lesa nýjar íslenskar skáldsögur. Hvað ég ætla að lesa? Ég veit ekki hvort ég legg í Vigdís Gríms en alla-vega ætla ég að kíkja á Jójó og svo eru þarna einhverjar skáldævisögur sem mér líst ágætlega á,“ segir Gunnlaugur að lokum.

Huldar Breiðfjörð.



Alþýðusamband Íslands

# RÍKISSTJÓRNIN SVÍKUR ÞÁ SEM LÖKUST HAFA KJÖRIN

Í maí átti ríkisstjórn Samfylkingar og VG aðkomu að gerð kjarasamninga. Í viðræðum við ríkisstjórnina lagði Alþýðusambandið mikla áherslu á að bætur atvinnulausra og lífeyrisþega myndu hækka í takt við hækkun lægstu launa og féllust stjórnvöld á það.

**Stjórnvöld munu endurskoða bætur almanna-  
trygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjara-  
samninga milli ASÍ og SA, þannig að lífeyrisþegar  
og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og  
um verður samið í kjarasamningum.\***

Samkvæmt fyrrnefndum kjarasamningum eiga lægstu laun og þar með bætur að hækka um 11.000 kr. 1. febrúar 2012. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem nú liggur fyrir Alþingi kemur fram að ríkisstjórnin hyggst brjóta þennan samning við ASÍ. Það þýðir að atvinnuleysisbætur hækka aðeins um 5.500 kr. en ekki 11.000 kr.

Ríkisstjórnin, sem kennir sig við velferð, ætlar þannig ekki aðeins að svíkja eigin loforð heldur einnig lítilsvirða þá sem lökust hafa kjörin í okkar þjóðfélagi.

Alþýðusamband Íslands hafnar endurteknum árásum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur á íslenskt launafólk.

\*Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011





Matthildur Helgadóttir Jónudóttir.

## Opna listasmiðju fyrir unglunga

„Við Auður fórum í fjallaferð með 10. bekkjum í GÍ í fyrra og hugmyndir kviknaði meðal annars þegar við sáum hversu gaman var hjá þeim unglungum sem voru neikvæðir í byrjun, eftir að þeir fengu að fara á sínum tíma og hraða. Ætlunin er að höfða sérstaklega til þess hóps unglunga sem ekki virðist njóta sín í skóla eða hefðbundnum tómstundum og verða því gjarnan utangátta,“ segir Matthildur Helgadóttir og Jónudóttir, listamaður en hún og Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur fengu í vikunni styrk frá Menningaráði Vestfjarða til að opna Smiðjuna, fyrir listköpun og sjálfstærkingu

unglinga í efri bekkjum grunnskóla.

„Þessi hópur finnur sig t.d. ekki oft í íþróttum eða tónlist. Ástæðurnar fyrir því að börn verða utangátta geta verið jafn margar og börnin eru mörg. Það er vitað að það hentar ekki öllum unglungum að taka þátt í íþróttum, sérstaklega þar sem lögð er rík áhersla á keppni og ástundun. Tilgangurinn með verkefninu er því að virkja og vekja sköpunargáfuna hjá þessum unglungum og efla þar með sjálfstraustið. Það ætti að verða til þess að þeim líði betur og gæti haft jákvæð áhrif á árangur og líðan þeirra almennt,“ segir Matthildur.

Nálgun smiðjunnar verður á jákvæðum nótum þar sem unglungarnir mæta að eigin ósk og ekki verða gerðar kröfur um mætingu eða að ljúka verkefnum. Þau verða þó hvött til að prófa sem flestar listgreinar. „Við munum bjóða þeim að koma í listasmiðjuna í Listakaupstað nokkur kvöld þar sem listafólk úr ýmsum áttum kynna listgrein sína og þau fá tækifæri til að spreyta sig á ýmsum listformum,“ segir Matthildur. Um tilraunaverkefni er að ræða og verða því 30 unglungar teknir inn í fyrstu lotu. Vonir standa til að námskeiðin hefjist fljótlega eftir áramót.

Að sögn Matthildur er framkvæmd hugmyndarinnar ekki

fullmótuð en markmiðið er að þróa smiðjuna með unglungum og listamönnum í Listakaupstað. „Tilgangur verkefnisins tvíþættur. Annars vegar langar okkur að ná til unglunganna og hins vegar langar okkur í leiðinni að skrásetja verkefnið þannig að við lærum hvernig best sé að mót það og breyta. Þannig að þegar þessu verkefni er lokið, gætum við verið með fullmótaða hugmynd um hvernig þetta gæti gengið upp til framtíðar þannig að hugsanlega væri hægt að stofna einhverskonar fyrirtæki í kringum þetta, því það er ekki hægt að gera þetta eingöngu í sjálfböðavinnu,“ segir Matthildur.

– asta@bb.is



### Afgreiðsludögum mjólkurvara á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið fjölgað

Afgreiðsludögum mjólkurvara á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið fjölgað. Afhendingardagar eru mánudagar, miðvikudagar og föstudagar. Eins og fram hefur komið hefur verið skipaður óformlegur starfshópur um málefni mjólkurbúsins á Ísafirði. Hópurinn er á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og var settur á stofn vegna vilja heimamanna og forsvarsmanna Mjólkursamsölunnar að tryggja áframhaldandi starfssemi MS á Ísafirði.

Framtíð Mjólkursamsölunnar á Ísafirði er, eins og kunnugt er, í óvissu en Mjólkursamsalan hætti vinnslu og pökkun á mjólk í starfsstöð fyrirtækisins á Ísafirði í júní. Var þá boðað að ákvörðun um framhaldið yrði tekin á haustdögum. Hefur verið ákveðið að hópurinn komi næst saman um miðjan desember.

### Rækjuverk-smiðja til sölu

Til sölu er fullbúin rækjuverk-smiðja, fasteignin Hafnargata 86-90, Bolungarvík, ásamt öllum vélum og tækjum til rækjuvinnslu og fiskvinnslu. Um er að ræða eina fullkomnustu rækjuverk-smiðju landsins með sex pillunarvélum með suðu, þremur eftirpillunarvélum og þremur laservélum, svo og fullkominni pökkunarstöð. Fiskvinnsluhluti hússins með sameign í vélar-sal getur verið sjálfstæð eining og selst sér og rækjuvinnslan sér. Þá er einnig frjálst að bjóða í einstök tæki verksmiðjunnar.

Óska er eftir tilboðum í ofangreindar eignir eigi síðar en þriðjudaginn 31. janúar 2012, kl. 16:00.

Nánari upplýsingar eru gefnar á Fasteignasölu Vestfjarða að Hafnarstræti 19, Ísafirði, sími 456 3244, fax: 456 4547 eða á netfanginu eignir@fsv.is.

Allar tæknilegar upplýsingar um verksmiðjuna gefur Jakob Magnússon í síma 895 7430.

## Mikið borið á orkudrykkjaneyslu ísfirskra unglunga

Mikið hefur borið á orkudrykkjaneyslu undanfarið meðal unglunga á Ísafirði. „Krakkar í 8.-10. bekk hafa sést á ýmsum stöðum um hábjartan dag með einn og allt upp í heilan kassa af orkudrykkjum og þykir þeim þetta ekkert tiltökumál,“ segir í bréfi frá félagsmiðstöðinni á Ísafirði sem sent hefur verið foreldrum nemenda á unglingastigi í Grunnskólanum á Ísafirði í kjölfar umræðu sem nú er í hámmáli varðandi orkudrykki. Í bréfinu segir að lagt hafi verið hald mikinn fjöldi af slíkum flöskum í félagsmiðstöðinni og er venjulega borin upp sú spurning hvort að unglungarnir muni fá orkudrykkina sína aftur og er því svar að þannig til að foreldrar þurfi að sækja þá og „þá minnkar áhuginn fyrir að fá þá aftur,“ segir í bréfinu sem ritað er af Gauti Ívari Halldórssyni forstöðumanni fé-

lagsmiðstöðvarinnar.

Segist Gautur Ívar hafa heyrt hefur af því að sumir séu að drekka allt að fjórar ½ lítra flöskur á hverjum degi (2 lítra) og drekki orðið lítið annað „en sem betur fer eru það ekki mörg tilfelli.“ Flestir þessara orkudrykkja innihalda mikið magn af koffíni auk annarra örvandi efna sem ekki eru ráðlögð í miklu magni og hvað þá fyrir einstaklinga sem ekki eru enn búnir að taka út fullan þroska.

Í fréttum um daginn var greint frá unglungi sem fékk hjartatrúflanir eftir neyslu eins lítra af Red Rooster orkudrykk. „Daginn eftir þennan fréttaflutning mætti hingað í félagsmiðstöðina strákur sem að ákvað að slá unga manningum við og keypti sér 2 lítra af Red Rooster og innbyrta rúmlega lítra, að sögn félaga hans. Þetta drakk hann á innan við hálf tíma og

varð ég mjög var við breytta hegðun sem og líkamleg einkenni, s.s. svita, skjálfta og óstyrka líkamstjáningu eftir að þeir komu inn í félagsmiðstöðina,“ segir í bréfinu. „Það eru allt of margir krakkar sem eru að neyta þessara drykkja og virðast lítið gera sér grein fyrir hversu hættulegir þeir eru.“

Í bréfinu eru birtar upplýsingar teknar af netinu um að börn og unglungar eigi ekki að neyta meira en 2,5 mg/kg á dag af koffíni. Það þýðir að einstaklingur sem er 50 kg má ekki fá meira en 125 mg af koffíni á dag. Sem dæmi má nefna inniheldur 500 ml orkudrykkur allt að 160 mg af koffíni, 500 ml kóladykkur inniheldur 65 mg af koffíni, 200 ml af svörtu tei 35 mg af koffíni og dökkt súkkulaði 33 mg af koffíni.

– thelma@bb.is

# Heilsusetrið

hefur opnað að  
Hafnarstræti 19  
Sími: 899 6698

*Gjafakort Heilsusetursins gilda í öllum deildum þess*



Ráðgjafa- og húddsetrið ehf

rons@rons.is • www.rons.is  
Sími: 899 6698

- > Heitt kókosolíunudd
- > Alnudd
- > Partanudd
- > Stólanudd
- > Ráðgjöf



*Dekurstofan  
Dagný*

PROFESSIONALS

*Býður upp á alla almenna snyrtingu*

*Nýtt hjá mér er brasilískt vax  
og gellökkun frá Professionals  
Nýtt - Tattoo*

*Flottar gjafavörur á góðu verði og  
vinsælu gjafakortin alltaf til*

**Sími: 823 3500**



**Ametyst**  
hár- og fördunarstofa



Sími 852 3306

**heilsuhornid**



Heilsuvörur  
og jurtaapótek  
Sími 848 0946

**Hjá Björk**



Höfuðbeina- og  
spjaldhryggsjöfnun

Heilun og dáleiðsla

Sími 863 4559



Sími 861 2696

Íþróttavörur  
fatnaður  
skór



*Leigjum út sal fyrir minni uppákomur, saumaklúbba og fleira*

# Ljósleiðaratenging fyrir Vestfirði og Snæfellsnes kostar 270 milljónir króna

Tvö landsvæði með yfir 5000 íbúa eru án ljósleiðara hringtengingar, Vestfirðir og Snæfellsnes, að því er segir í frumvarpi að 12 ára fjarskiptaáætlun sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Samkvæmt frumvarpinu kostar um 270 milljónir króna að hringtengja svæðin með ljósleiðara. „Almennt er það verkefni fjarskiptaþjónustu að bjóða fjarskiptaþjónustu á samkeppnisforsendum og koma upp nauðsynlegum lögnum til að veita þjónustuna. Á hinn bóginn eru þær

aðstæður fyrir hendi þar sem markaðsbrestur er og kemur þá til af því að fjarskiptaþjónusta meta arðsemi ónóga til þess að réttlæta nauðsynlegar fjárfestingar. Gert hefur verið lauslegt kostnaðarmat á því að tengja ótengda byggðakjarna annars vegar og hins vegar landsvæði sem ekki eru hringtengd,“ segir í frumvarpinu.

Þar segir einnig: „Áætlunin er gróf og er aðeins ætluð til að gefa hugmynd um stærðargráðu verkefnis með innan við 25%

óvissu og án endabúnaðar.“ Þar kemur jafnframt fram að samtals eru 98 skilgreindir byggðakjarnar á landinu. Þar búa, miðað við árið 2010, 300.923 einstaklingar eða 94,7% landsmanna. 29 byggðakjarnar eru tengdir einni tengingu (eða um einfalda tengingu) við ljósleiðara. Þar búa 14.554 manns eða 4,6% landsmanna.

Átta byggðakjarnar eru ekki tengdir ljósleiðara. Þar búa 1.314 manns sem er 0,4% landsmanna. Samkvæmt lauslegri kostnaðar-

áætlun myndi kosta 320 milljónir að ljósleiðaratengja ótengda byggðakjarna með einni tengingu. Samkvæmt frumvarpinu skal á árunum 2011–2022 vera unnið að fjarskiptamálum í samræmi við áætlunina sem felur í sér stefnumótun í fjarskiptamálum og helstu markmið sem vinna skal að, og þannig lagður grunnur að framþróun íslensks samfélags.

Í fjarskiptaáætlun verði lögð áhersla á að: stuðla að atvinnuuppbyggingu, bættum lífsgæðum og jákvæðri byggðapróun, tryggja


öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar við umheiminn. Styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands, ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar fjarskipti og skyld svið. Ná fram samræmdri forgangsröðun og stefnumótun og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum landshlutum. — *thelma@bb.is*

## Hefur yfirtekið 96 eignir á fimm árum

Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið 96 eignir á Vestfjörðum frá árinu 2006. Heildarverðmæti eignanna miðað við fasteignamat, er rúmar 186 milljónir króna. Síðustu fimm ár hefur sjóðurinn selt 41 eign í landshlutanum. Þetta kemur fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernís Rúnarssonar á Alþingi um íbúðir sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið. Þar kemur fram að Íbúðalánasjóður hefur frá árinu 2006 yfirtekið 2.038 íbúðir. Flestar íbúðanna, eða um fjórðungur, eru á Suðurnesjum. Langflestar íbúðirnar yfirtók Íbúðalánasjóður á árunum 2010 og 2011. Í fyrra yfirtók hann 17 eignir á Vestfjörðum og 20 árið áður. Flestar yfirtökurnar voru þó árið 2008 eða 21 talsins.

Í svarinu kemur einnig fram að eignir sjóðsins, sem eru á byggingar- og framkvæmdastigi, séu 207 talsins og eru flestar þeirra foheldar. Þá þurfa um 510 eignir á samtalsverðu viðhaldi að halda og því er ekki unnt að leigja þær út nema kostað verði til verulegs viðhalds. Skýrir þetta að nokkru leyti af hverju þær eru ekki í útleigu og af hverju þær hafa ekki selst. Íbúðalánasjóður byrjaði að leigja út íbúðir í mars 2009 en þá voru 34 íbúðir í útleigu. Þann 31. október 2011 voru 615 eignir í útleigu hjá sjóðnum.

Nú eru sjö íbúðir í útleigu í fjórðungnum hjá Íbúðalánasjóði. Íbúðalánasjóður hefur takmarkaðar heimildir til útleigu á íbúðum og verður að gæta að ákvæðum samkeppnislaga. Aðilum sem



Íbúðalánasjóður hefur selt 41 fasteign á Vestfjörðum frá árinu 2006.

búa í eignunum á þeim tíma er sjóðurinn yfirtekur þær er alltaf gefinn kostur á að leigja þær

tímabundið og er unnt að gera leigusamning til eins árs. Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt

á fjölga íbúðum í útleigu á þeim svæðum þar sem brýn þörf er á leiguhúsnæði.

## Skattur á rúm og svefn

### Stakkur skrifar >

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Nú eru stóru vandamálin að leysast. Lausnin var einföld. Með því að leggja 100 krónu skatt á hvert hótélherbergi þá skal bjarga ferðamannastöðunum. Að vísu skal leggja 100 krónur á svefnpokaþlássíð líka. Með því að gista frekar á hóteli, sem er að sjálfsögðu dýrara en svefnpokaþláss, komast tveir einstaklingar hjá 100 króna skatti miðað við að þeir hefðu ella holað sér hvor í sinn svefnpokann. Þessi skattlagning mun því væntanlega hvetja fólk til að sofa saman tvennt í einum svefnpoka. Slíkt hlýtur að hvetja til þess að fólk fari í megrun og taki upp heilbrigðari lífnaðarhætti. Þannig næst tvennt með þessum snjalla nýja skatti, sem þó er að vísu að skila nokkuð vel innan við 400 milljónum króna. Í fyrsta lagi aukast tekjur ríkissjóðs og í öðru lagi er hvatning til sparnaðar í svefnpokaþlássingum á Íslandi. En þarna gildir ekki jafnræðisreglan. Skatturinn er ekki í samræmi við þá hagsmuni sem skattleggja skal og ekki er jafnræði með þeim sem hafa efni á því að gista tveir eða fleiri saman í einu herbergi á hóteli og hinum sem verða að láta sér duga svefnpokaþlássingum. Sennilega er þetta allt undir merkjum norrænar velferðar.

Þetta var ekki aðalatriðið nú, þótt ekki yrði hjá því komist að nefna þessa snilld. Að sjálfsögðu er þetta miklu gáfulegra en að láta þá sem skoða náttúruperlurnar greiða fyrir það sérstaklega. Ekkert er snjallara en að ná skatttekjum af fólk fyrir það eitt að láta sér renna í brjóst á gistað, að ekki sé nú talað um í svefnpokaþláss. Þessa snilli má að sjálfsögðu útfæra og reyna að ná til þeirra sem sofa heima hjá sér. Hægt

er að ráða bót á atvinnuleysi að nokkru með því að fá her manna í störf sem snúast um að telja rúm í heimahúsum. Þegar talningu er lokið mun orðið nokkuð ljóst hver skattstofninn er. Miðað við 100 krónur fyrir nóttina geta tekjurnar orðið 36.500 á ári fyrir hvert rúm og fjögurra manna fjölskylda myndi því greiða 146.000 krónur árlega. Þessi heimasvefnskattur gæti numið 11.607.000.000 krónum eða meira en ellefu og hálfum milljarði. Það dugar að fara í þjóðskrána og fylgjast með fæddum og dánnum. Alger óþarfi ætti að vera veita afslætti vegna barna. Þau sofa hvort eð er enn lengur en fullorðnir.

Lausnin á vanda aldraðra gæti verið í sjónmáli, heilbrigðiskerfið gæti hætt að spara og reyni einhver að halda þeirri firru fram að hann eða hún noti ekki rúmið sitt má alltaf benda viðkomandi á þá staðreynd að allir þurfi að sofa. Til að tryggja enn frekar að undanskotum verði ekki beitt, má til frekara öryggis reikna út möguleg svefnpokaþláss á heimilum fólks og leggja smávegis aukreitiss á heimilin vegna þess að kostur er á því svíkjust um að sofa í rúmi og fara í pokann í staðinn. Þannig er unnt að auka enn tekjurnar.

Nú kann að vera að erfitt sé að koma þessari skattlagningu við og þá blasir við einföld lausn. Hún er að hlífa mönnum við allt nema eitt ár á rúm og leggja skatt kr. 36.500 á hvert rúm hvar sem það verður notað.

Auðvitað er skemmtilegra að ganga í hús og telja.



# Persónulegt jólakonfekt



Stór súkkulaðikarfa með  
30 molum 5.000 kr.



Lítill súkkulaðikarfa með  
25 molum 4.000 kr.



Hannaðu þitt konfekt með  
þinni mynd eða þínum texta,  
15 molar á aðeins 1.500 kr.



Jólaöskjur með 15 molum með  
blönduðum jólamyndum á 1.200 kr.



Sendum um allt land.

Pantanir sendast á [kokurogkonfekt@simnet.is](mailto:kokurogkonfekt@simnet.is)

Kökur og Konfekt  
Gránufélagsgötu 46  
Akureyri  
s. 461 2222

**facebook**

Við erum líka á Facebook  
undir Kökur og Konfekt

# Einu sinni Zonta – ávallt Zonta

Zontaklúbburinn Fjörgyn á Ísafirði fagnaði 15 ára afmæli þann 2. desember. Zonta er alþjóðleg samtök kvenna úr ýmsum starfsgreinum og eru markmið þeirra að stuðla að bættri stöðu kvenna og vinna gegn hvers konar ofbeldi á konum. En hvað felst í því að vera Zontakona? Blaðamaður Bæjarins besta settist niður með nokkrum félögum ísfrska klúbbsins skömmu fyrir afmælið og spjallaði um starfið. Það eru þær Jósefína Gísladóttir, Anna Lóa Guðmundsdóttir, Ragnheiður Hákonardóttir og Barbara Gunnlaugsson.

Jósefína Gísladóttir er ein af stofnfélögum klúbbsins og hún rifjar upp að í október 1996 kom stjórn Zontaklúbbs Akureyrar vestur til að kynna starf hreyfingarinnar og í framhaldi að stofna klúbb á Vestfjörðum.

„Kynningin fór fram í Alþýðuhúsinu og það komu margar konur sem vildu kynna sér starfið. Ég var ein þeirra kvenna og það varð úr að ég tók að mér formennsku klúbbsins á Ísafirði. Aðrar í þessari fyrstu stjórn voru Emma Rafnsdóttir varaformaður, Ásdís Guðmundsdóttir gjaldkeri, Anna Thoroddsen ritari, Ingibjörg Vagnsdóttir stallari og Ardís Gunnlaugsdóttir meðstjórmandi.

Undirbúningur fyrir stofnun klúbbsins gekk mjög vel og margar konur gengu til liðs við Zontahreyfinguna þannig að stofnfélagar urðu alls 39. Stofnfundurinn var á Hótel Ísafirði 2. desember 1996,“ segir Jósefína.

## Zonta á Íslandi í 70 ár

Tíu af stofnfélögum eru enn í klúbbum en auk Jósefínu er þar m.a. Ragnheiður Hákonardóttir.

„Það er gaman að kynna sér sögu Zontahreyfingarinnar. Hún var stofnuð 1919, skömmu eftir fyrri heimsstyrjöldina, sem segir okkur hver hvatinn var. Kvennahreyfingar í heiminum voru þá farnar af stað en á þessum tíma var verið að yta konum aftur út af vinnumarkaðinum eftir styrjöldina sem ónota vinnuafli, ef svo má að orði komast. Þá rís upp Zonta af þeirri hugsjón að styrkja konur hvar sem er í heiminum til stjórnunar og forystustarfa og með það að markmiði að gera konur sjálfbjarga.

Þegar farið er yfir verkefni Zonta frá upphafi sést að þau snúast að mestu um að efla konur til frekari menntunar, hjálpa konum heilsufarslega séð, fræða fólk og breyta þeim tíðaranda sem víða ríkir og felur í sér að konur eru brotnar niður á ýmsan máta. Til dæmis hefur Zonta unnið að

því að koma í veg fyrir umskurð kvenna og eins stendur nú yfir svokallað Fistólaverkefni sem felst í því að hjálpa ungum óþroskuðum stúlkum sem hafa verið neyddar í hjónaband alltof snemma og hafa slitnað illa við barnburð. Það er verulega þarft verkefni sem hefur ekki farið hátt þrátt fyrir brýna neyð þessara stúlkna.

Eitt stærsta verkefnið sem Zonta á Íslandi hefur tekið þátt í var fyrir um þremur árum þegar fluttar voru til Afganistan ljósmæðratöskur til að nýta við barnburð. Þetta var gert fyrir tilstuðlan Zontaklúbbsins á Akureyri og fyrir það hlaut hreyfingin sérstaka viðurkenningu ásamt samstarfsaðilum sem voru Landlækniseimbættið og Sameinuðu þjóðirnar.

Zontaklúbbarnir á Íslandi hafa því ekki látið sitt eftir liggja og nú er verið að halda upp á 70 ára afmæli hreyfingarinnar hérlendis,“ segir Ragnheiður.

„Við það má bæta að fyrsti klúbburinn í Evrópu var stofnaður í Vínarborg 1930 og síðan fylgdu Norðurlöndin á eftir þegar stofnaðir voru klúbbar í Kaupmannahöfn og Osló 1935 en svo kemur Ísland næst á eftir 1941. Við vorum til dæmis á undan Englandi. Það hafa því verið mjög duglegar og athafnasamar konur hér,“ skýtur Jósefína að. Ísland var sjöunda landið til að ganga í hreyfinguna en í dag eru 67 lönd í hreyfingunni með um 1200 klúbbum. Í dag eru klúbbarnir á Íslandi átta en sá áttundi var stofnaður í Borgarfirði fyrir á þessu ári.

## Setur hversdagsleg verkefni í samhengi

Nokkrar konur hafa sinnt formennsku klúbbsins en Barbara Gunnlaugsson er formaður í dag.

„Zontahreyfingin er vettvangur fyrir konur til að kynna öðrum konum úr ýmsum starfsstéttum og vinna saman að því að hjálpa konum á alþjóðagrundvelli. Það hefur verið mjög fræðandi fyrir okkur að fá að vita í gegnum verkefni hverju sinni hversu slæm staða kvenna er víða úti í heimi og hversu miklu er enn ábótavant. Þetta setur vanda málin sem konur hérlendis eiga við í allt annað samhengi. Þó svo að mörgum líði ekki vel hér og glími við vandamál, þá höfum við það samt svo gott á svo marga vegu. Það er líka gott að finna að þó maður sé svona langt í burtu geti maður hjálpað þeim sem þurfa á aðstoð að halda,“ segir Barbara.

„Við gerum líka margt mjög skemmtilegt, við erum ekki eingöngu að takast á við stóru vandamálina á alþjóðagrundvelli heldur gerum margt fyrir okkar sjálfar. Við höldum fundi mánaðarlega og fáum fólk til að halda fyrirlestra og kynningu á öllu mögulegu. Við höfum til dæmis fengið margt fólk sem er í óvenjulegum störfum til að koma og segja okkur frá starfi sínu eða skemmtilegu áhugamáli. Það er bæði fræðandi og þroskandi að hlýða á þessa fyrirlestra.

Það er breitt aldursbil í klúbbum hér fyrir vestan, sem betur fer. Auðvitað viljum við alltaf fá fleiri konur og ef einhverjar eru áhugasamar, þá eru þær hjartanlega velkomnar,“ segir Anna Lóa Guðmundsdóttir.

„Öll þekking er til góða og það færir okkur nær hvert öðru að fræðast um náungann,“ bætir Ragnheiður við.

## Einstök nánd innan hreyfingarinnar

„Við tilheyrum alþjóðastjórn þar sem kosinn er heimsforseti annað hvert ár, sem er yfir stjórninni í tvö ár. Sú sem sinnir því embætti velur hvaða verkefni öll hreyfingin tekur þátt í hverju sinni. Síðan erum við einnig með verkefni hér heima á Íslandi sem eru bara á okkar vegum. Það hefur vanalega verið unnið að þeim annað hvert ár en ef eitthvað kemur upp höfum við haft það þriðja hvert ár,“ segir Jósefína.

„Nándin við hreyfinguna er alveg einstök og upplýsingastreymi frá Zonta til allra svæðanna er mjög góð. Hreyfingunni er nefnilega skipt niður eftir svæðum um allan heim og svæðisfulltrúar sjá svo um að veita félögum sínum upplýsingar.

Það er svolítið sérstakt að finna enn þessa nánd og væntumþykju gagnvart félögum sem eru farnir úr klúbbum hjá okkur, hafa þá annað hvort flutt í burtu eða hætt af öðrum orsökum. En einu sinni Zonta er alltaf Zonta. Við höfum notið góðs af því að kynna hver annarri með þessum hætti,“ bætir Ragnheiður við.

„Okkar klúbbur hefur einnig staðið að stuðningsverkefnum hér heima í samfélaginu. Hann hefur verið tvenns konar, bæði með því að styrkja ýms verkefni sem eru í gangi hverju sinni og svo höfum við styrkt við stúlkur sem eru að hasla sér völl í óhefðbundnum kvennagreinum.

Ein stúlka á Ísafirði hefur svo hlotið alþjóðaviðurkenningu Zonta fyrir félagsstörf.

Nú er Kvennaathvarfið að fara af stað með áttak gegn mansali

og við tökum þátt í því. Við höfum einnig styrkt Sólstafi,“ segir Jósefína.

## Mörg þörf verkefni í heimi mannsvönsku

„Við ætlum að halda upp á afmælið 2. desember. Við höfðum þá hugsað okkur að bjóða fyrirverandi Zontakonum sem hafa tök á því að koma og fagna með okkur. Þessu verður öllu stillt í hof eins og Zontum er lagið. Við reynum alltaf að hafa það sem snýr að okkur kostnaðarlegt og safna þess í stað peningum sem við getum gefið af okkur til góðs,“ segir Anna Lóa.

„Afmælisgjöfin til klúbbsins í ár er að sem flestar Zontakonur sjái sér fært annað hvort að taka þátt í afmælisfagnaðinum með okkur eða styðja með einhverjum leiðum þau verkefni sem hreyfingin stendur að. Það er mjög gefandi að geta verið þátttakandi í þessu og að Zontakonur séu samtaka að vinna að bæði fyrirbyggjandi og uppbyggjandi verkefnum,“ segir Ragnheiður.

Zontahreyfingin vinnur að mörgum verkefnum í þróunarlöndum í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar. Zonta vinnur að hverju verkefni í tvö ár áður en hafist er handa við það næsta en þá taka samstarfsaðilar við að halda því áfram.

„Hlutverk Zonta er meira að hrinda verkefninu úr vör og koma að skipulagningu þess. Þannig hefur Zonta oft valið verkefni sem hafa verið þögnuð niður og komið þeim fram í dagsljósið,“ segir Ragnheiður. „Um leið og verið er að taka á verkefnum er einnig verið að fræða fólk og breyta hugmyndafræðinni en það getur vel tekið tveir til þrjár kynslóðir að koma því í gegn.“

Zontakonurnar á Ísafirði hafa þannig komið að ótal verkefnum í starfi sínu með hreyfingunni.

„Eitt af þeim verkefnum sem stóð mér afar nærri var umskurður kvenna í ríkinu Burkina Faso í Afríku,“ segir Anna Lóa. „Fyrir tíu árum voru þar 90% kvenna umskornar og Zonta kom að því verkefni í tvö ár meðan verið var að koma því á koppinn og þá var byrjað á því að fræða karlmenn, eins og til dæmis ráðamenn þjóðarinnar, hvað verið var að gera við dætur þeirra. Þá voru það aðallega ömmurnar sem stóðu fyrir þessu en þessi verknaður hafði ekkert trúarlegt gildi heldur var þetta bara venja. Þetta verkefni gekk ótrúlega vel, ég veit ekki hvernig tölurnar eru í dag en þetta tíðkast í raun og veru ekki lengur þarna til allrar hamingju. Þetta er að vísu enn til



staðar en er nú undantekningin ekki reglan.“

„Maður skilur ekki þessa illsku heimsins sem virðist aldrei ætla að linna. Þetta eru einfaldlega mannréttindabrot og ekkert annað og maður myndi vilja sjá tekið mun harðar á þessum brotum“ segir Ragnheiður.

## Þingað um allan heim

Zontakonur um allan heim koma reglulega saman.

„Landsþing er á tveggja ára fresti en klúbbarnir á Íslandi skiptast á að hafa umsjón með því. Svo eru umdæmisþing en við erum í Umdæmi þrettán með Danmörku, Noregi og Litháen. Síðastliðið haust var umdæmisþing á Akureyri og verður í Noregi næst.

Heimsþing er svo líka á tveggja ára fresti og það næsta verður haldið í Torino á Ítalíu en var síðast í Texas í Bandaríkjunum. Þannig gæti maður þess vegna verið að ferðast vítt og breitt um heiminn í tengslum við Zonta. Við höfum nokkrar frá Ísafirði farið á heimsþing og það er alveg ofboðslega skemmtilegt. Þar hittir maður Zontakonur frá öllum heimsálfum og það er mjög fræðandi að fylgjast með því sem fer fram á þinginu. Eins eru umdæmisþingin mjög skemmtileg og þar hefur maður eignast fullt af vinum og kunningjum sem maður hefði líklega annars ekki fengið tækifæri til að kynna. Þessar stórkostlegu konur koma úr öllum starfsgreinum sem maður á í raun ekkert erindi við dags daglega,“ segir Anna Lóa.

Í lokin vill Jósefína koma því



Frá vinstri: Ingibjörg Sigfúsdóttir, Helena Prastardóttir, Áslaug Jensdóttir, Ragnheiður Hákonardóttir, Anna Lóa Guðmundsdóttir, Una Þóra Magnúsdóttir, Helga Sigurgeirsdóttir, Elin Halldóra Friðriksdóttir, Agnes Sigurðardóttir og Jóhanna Hafsteinsdóttir. Sitjandi: Erla Bryndís Kristjánsdóttir, Barbara Gunnlaugsson, Rósa Helga Ingólfssdóttir og Anna Guðrún Gylfadóttir. Á myndina vantar Guðrúnu B. Magnúsdóttur, Helgu Guðnýju Kristjánsdóttur, Helgu Þuríði Magnúsdóttur, Jósefinu Gísladóttur, Línu Björg Tryggvadóttur, Magneu Garðarsdóttur, Sigrúnu Gerðu Gísladóttur, Sigurborgu Þorkelsdóttur og Stefaníu Birgisdóttur.

að fyrir hvað Zonta stendur.

„Nafn Zonta er tekið úr tákn-máli Sioux-indíána í Norður-Ameríku og er samsett úr fimm táknum sem eiga að minna Zontakonur á tilgang og hugsjón

samtaka sinna. Þessi tákn voru rituð á annan hátt en gert er í ritmáli okkar en merkingin er sú sama. Z þýðir leiftur, ljósgeisla og sólskin. O merkir band tryggðar og samheldni. N merkir sam-

vinnu að settu markmiði, T merkir öryggi og vernd og A merkir réttlæti, heiðarleika og traust.

Markmið Zonta er í fáum orðum að styrkja stöðu kvenna

um allan heim með tilliti til laga-setningar, stjórnmála, efnahags og menntunar. Að stofna og styrkja Zontaklúbba víða um heim og efla góðan félagsanda. Að hafa háleit, siðræn gildi að

leiðarljósi í öllum störfum og vinna að auknum skilningi, góðvild og friði í hinu alþjóðlega samstarfi kvenna sem sameinast um að hafa hugsjón Zonta.“

– thelma@bb.is

Sælkeri vikunnar er Eygló Valdimarsdóttir á Ísafirði

## Grænmetisréttur í jólaamstrinu

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo skemmtilega grænmetisrétti. „Ég ákvað að bjóða upp á tvo grænmetisrétti. Fyrri rétturinn kemur af uppáhalds matarblogginu mínu, Oh She Glows (ohsheglows.com) og er hann í miklu uppáhaldi en hin uppskriftin er af uppáhalds gulrótarsúpunni minni,“ segir Eygló.

### Svartbauna og smjörhnotu burrito

1 meðal stór smjörhnota (e. butternut squash), en einnig er hægt að nota sætar kartöflur - notið þá sirka 1 og hálfu stóra afhýdd, skorin í bita

1/2 bolli brún hrísgrjón eða bygg

1 bolli saxaður laukur, má nota rauðlauk

2 hvítlauks gearar saxaðir smátt

1 rauð paprika skorin í litla bita

1 tsk. salt

2 tsk. broddkúmen

1/4 tsk. cayenne pipar (1/2 fyrir þá sem vilja sterkan

mat)

1,5-2 bollar soðnar svartar baunir (má líka nota nýrna baunir eða kjúklingabaunir) 3/4 bolli rifinn ostur (má líka vera kotasæla)

4 heilheiti tortilla kökur

Gott að hafa með: avocado, salsa, sýrður rjómi, spínat/kál, kóríander

Uppskriftin nægir til að gera 4 burrito. Hitið ofninn í 180° C. Afhýðið smjörhnotu/sætar kartöflur og skerðið í bita. Setjið í eldfast mót með smávegis ólívuolíu, salti og pipar og steikið í um 45 mínútur, eða þar til orðið mjúkt. Sjóðið hrísgrjón/bygg. Setjið smávegis olíu í stóra pönnu á miðlungshita, steikið laukinn og hvítlaukinn. Leyfið að mýkjast í um 5 mín. Bætið þá út í saltinu og kryddinu og blandið vel saman. Bætið paprikunni út í, baununum og soðnum hrísgrjónunum. Steikið í 10 mín. á lágum hita.

Þegar smjörhnotan/kartöflurnar eru orðin mjúkt, takið úr ofninum

og kælið að eins. Setjið u.þ.b. 2 bolla af smjörhnotunni í blönduna á pönnunni og hrærið vel saman, getur verið ágætt að kremja bitana aðeins saman við. Bætið svo út í osti eða kotasælu og hitið í 2 mín. Skiptið fyllingunni á milli 4 tortilla kaka og bætið inn í grænmeti, avocado, salsa, sýrðum rjóma og fersku kóríander.

### Gulrótur, kókós og engifersúpa

1 poki gulætur rifnar niður í rifjárn

1 laukur, saxaður smátt

2 hvítlauksrif, söxuð smátt

2 msk. saxað engifer (eða meira, jafnvel miklu meira)

2 tsk. karrý

2 msk. hveiti

1 1/2 lítir kjúklinga eða græn metissoð

1 lítill dós kókosmjólk (eða ein stór dós fyrir þá sem eru hrifnir af kókosbragðinu)

1-2 tsk. chilliduft

1-2 msk. hunang

Laukur og hvítlaukur er mýkt-



ur í olíu við vægan hita í um 5 mínútur. Bætið karrý, engifer og gulrótum út í og látið malla saman í um 2 mínútur. Hveiti er stráð yfir og hrært saman við og síðan er soðinu hellt út í smátt og smátt, síðan kókosmjólk, chillidufti og hunangi. Ef vill má mauka gulræturnar og laukinn með töfrasprota á þessu stigi. Látið malla í um 20 mínútur, smakkið til og

bragðbætið ef vill.

Gott er að setja slettum af sýrðum rjóma út í súpuskálarnar eftir að búið er að skenkja súpunni og skreyta síðan með fersku kryddi, eins og steinselju eða kóríander.

Ég skora á Hrafnhildi Ýr Rafnsdóttur á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.



Ástríða í matargerð



# JÓLASÍLDIN 2011